



Námsmat (eigið mat á árangri)

Kæri nemandi.

Nú hefur þú lokið við bókmenntaverkefnið þitt og þá þarftu að meta hvernig gekk, leggja höfuðið í bleyti. Þegar þú lest yfir matsblaðið skaltu hafa eftirfarandi við höndina:

- Bókmenntaheftið
- Matsblöð
- Verkmöppuna
- Uppkastsblöð
- Verkefnin sem þú vannst.

Veldu eitt bókmenntaverkefni sem þú ert ánægð/ur með. Útskýrðu hvers vegna. Ef verkefnið er of stórt til að vera í gullakistu þarft þú að taka mynd af því á stafrænu myndavélina.

Veldu eitt bókmenntaverkefni sem þér fannst erfitt. Útskýrðu hvers vegna þér fannst það erfitt.

Veldu eitt verkefni þar sem þú uppgötvaðir eða lærðir eitthvað nýtt. Skýrðu val þitt.

Veldu eitt verkefni sem þú vildir helst gera aftur. Útskýrðu hvers vegna þú valdir það.



Þegar þú hefur svarað þessum spurningum átt þú að gera uppkast að samfelldum texta. Fáðu einn vin í þeknum til að hlusta á þig og segja hvort þú hafir rökstutt val þitt nægilega vel. Síðan átt þú að hreinskrifa textann í bókmenntahlutann í verkmöppunni.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að kenna þér að skipuleggja tíma þinn og gera verkáætlun. Lestu vel yfir þetta matsblað og gefðu þér einkunn. Þú átt að meta þig á kvarðanum 1–4.

	Bókmenntaverkefni-matsblað				
Matsþættir	4	3	2	1	Stig
Gerði verkáætlun sem stóðst					
Náði að ljúka við öll verkefni á réttum tíma					
Fékk aðstoð heima					
Ég lærði margt nýtt í þessu verkefni					
Heildarstig					

Skoðaðu heildarstigin sem þú gafst sjálfum þér. Hvers vegna fékkstu þessi stig?

Hvernig fannst þér að vinna bókmenntaverkefnið?

Hvers vegna?/Hvers vegna ekki?
